

Leiðbeiningarnar eru til stuðnings vinnulýsingu um framleiðsluleyfi fyrir sérmarkaði ([VLY-047](#)).

### Kröfur

- a. Fyrirtæki sem óska eftir að flytja frysta fiskhausa (Frozen edible fish heads: HS 0303) og fryst fiskinnyfli (Frozen edible fish intestines: HS0303, HS 0306 eða HS 0307) til manneldis til S-Kóreu þurfa að láta skrá sig hjá þarlandum yfirvöldum.

Sjá gögn á S-drifi undir: [S:\Sérmarkaðir\Kórea](#)

- b. Öllum sendingum til S-Kóreu þarf að fylgja opinbert heilbrigðisvottorð.

### Umsóknar- og tilkynningarferli

1. Fyrirtæki sendir umsókn í Þjónustugátt MAST um leyfi til að flytja íslenskar fiskafurðir á S-Kóreumarkað.

Sjá <https://umsokn.mast.is/>

2. Ábyrgðarmaður máls hjá Matvælastofnun fyllir út umsóknareyðublað, sjá [S:\Sérmarkaðir\Kórea\Form](#) og útbýr bréf til yfirvalda í S-Kóreu þar sem óskað er eftir að fyrirtækið fái leyfi til að flytja fiskafurðir til S-Kóreu. Sjá **Umsóknarbréf Kórea** í stöðluðum texta í málaskrá.
3. Ábyrgðarmaður máls skannar bréfið og umsóknarblaðið og sendir í tölvupósti til [intmfd@korea.kr](mailto:intmfd@korea.kr), [wtoKFda@korea.kr](mailto:wtoKFda@korea.kr), [para1251@korea.kr](mailto:para1251@korea.kr) og [sangkl3379@korea.kr](mailto:sangkl3379@korea.kr)
4. Umsóknarblaðið er einnig sent sem Excel skjal.
5. Ábyrgðarmaður máls upplýsir fyrirtækið að umsóknarbréf hafi verið sent til S-Kóreu.
6. Þegar ábyrgðarmaður máls fær svar við erindinu frá S-Kóreu, upplýsir hann fyrirtækið um niðurstöðuna.
7. Ábyrgðarmaður máls uppfærir listann fyrir S-Kóreu á heimasíðu Matvælastofnunar, þegar fyrirtækið hefur verið sett á listann í S-Kóreu. [Sérleyfismarkaðir](#)

Listi yfir viðurkenndar afurðastöðvar er birtur á <https://impfood.mfds.go.kr/>